

**Mál nr. 3/2015**  
**Víkingur**  
**gegn**  
**ÍA**

Kæra Víkings:

**Dómkröfur:**

Krafa kæranda er að Víkingi verði dæmdur 3-0 sigur í hinum tilgreinda leik milli Víkings og ÍA í Íslandsmóti 3. flokks karla A. B. deild sem fram fór 21. júlí 2015.

**Málavextir:**

Helstu málavextir sem skipta máli eru þeir að í leiknum tefldi ÍA fram ólöglegum leikmanni. Nánar tiltekið hefði leikmaðurinn, Almar Geir Alfreðsson átt að vera í leikbanni í þessum tiltekna leik sjá úrskurð aganefndar frá 14. júlí 2015.

**Tilvísun:**

Vísað er til reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, þ.á m. gr. 12.1. þar sem kveðið er á um að Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ geti í úrskurðarorði dæmt um úrslit leiks. Þá er vísað til gr. 40.1. í Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Meðfylgjandi er leikskýrsla umrædds leiks auk lista yfir alla leiki ÍA frá því að úrskurðurinn var kveðinn upp

F.h. Knattspyrndeildar Víkings



Friðrik Magnússon formaður



Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ  
b.t. Gunnars Guðmundssonar, formanns  
Laugardal  
104 Reykjavíkur

Reykjavík 29. júlí 2015

**Varðar: Kæru Knattspyrnudeildar Víkings vegna meints ólöglegs leikmanns í leik Víkings og ÍA í Íslandsmóti í B deild sem fram fór 21. júlí 2015.**

Vísað er til framlagðra gagna.

**Atvik máls:** Þann 14. júlí s.l. barst Knattspyrnufélagi ÍA tölvupóstur þess efnis að leikmaður félagsins í 3ja flokki karla hefði þann sama dag verið úrskurðaður í 1 leiks bann (Íslandsmót) vegna 4 áminninga. Þjálfurum flokksins var tilkynnt um úrskurð þennan. Þeir vissu ekki betur en bannið tæki gildi strax og var leikmaðurinn að þeim sökum ekki valinn í keppnishóp í næsta leik sem fram fór fimmtudaginn 15. júlí s.l. gegn ÍBV/KFR. Sjá <http://www.ksi.is/mot/motalisti/leikskyrsla/?Leikur=368044>. Var það trú þjálfarana að leikmaðurinn hefði með því tekið út leikbann sitt. Leikmaðurinn kom síðan inn á í stutta stund í umræddum leik gegn Víking sem fram fór þann 21. júlí 2015.

#### **Kröfur Knattspyrnufélags ÍA:**

Knattspyrnufélag ÍA gerir *ad allega* þá kröfu að máli þessu verði vísað frá. Kæru kæranda var beint til Knattspyrnusambands Íslands en ekki Aga og úrskurðarnefndar KSÍ, eins og gr. 7.1 í reglugerð um Aga- og úrskurðarmál áskilur. Kæru Knattspyrnudeildar Víkings hefur ekki verið beint til Aga- og úrskurðarnefndar og er því Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ óheimilt að taka mál þetta til meðferðar.


Verði ekki fallist á aðalkröfu Knattspyrnufélags ÍA um frávisun, er þess *til vara* krafist að úrslit leiksins standi óbreytt. Í ljósi allra atvika málsins má ljóst vera að ekki er um saknæma hegðun af hálfu Knattspyrnufélags ÍA að ræða. Í því samhengi er vakin athygli á því að tilkynning aga- og úrskurðarnefndar KSÍ hljóðar á um að leikmaðurinn hafi verið úrskurðaður í leikbann eftir leik liðsins 14. júní. Hvergi kemur fram í úrskurðinum að að réttaráhrifum hans sé frestað. Engin leið var því að átta sig á því að leikbannið tæki ekki strax gildi og voru allir aðilar málsins í góðri trú um að rétt væri að málum staðið. Leikmaðurinn tók út refsingu sína í næsta leik eftir birtingu úrskurðar í samræmi við efni úrskurðarins og tók svo óverulegan þátt í leik liðsins þar á eftir. Gera verður ríkar kröfur til efnis úrskurðarorða aga- og úrskurðarnefndar þannig þýðing þeirra megi vera ljós samkvæmt efni úrskurðarins. Gallar á slíkri birtingu eða efni úrskurða verður að túlka félaginu og leikmanninum í hag og fráleitt að andstæðingur leikmannsins og félagsins hagnist á slíku. Verði ekki fallist á sjónarmið Knattspyrnufélags ÍA hefur umræddum leikmanni verið gerð tvöföld refsing.

Verði ekki fallist á aðal- eða varakröfu Knattspyrnufélags ÍA er þess *til þrautavara* krafist, í ljósi atvika allra, að leikurinn við Knattspyrnufélagið Víking verði endurtekin. Aga- og úrskurðarnefnd hefur heimild til slíks, sbr. ákvæði 12.1.1 í reglugerð KSÍ um aga- og

úrskurðarmál. Verður að telja að í ljósi þess hve óskýrt efni úrskurðarins er um gildistöku leikbanns og hversu lítinn þátt umræddur leikmaður tók í umræddum leik að slíkt sé eðlileg niðurstaða. Þá má ekki gleyma því að umræddur leikmaður er barn að aldri og það yrði honum verulega þungt að bera ábyrgð á því að umræddum úrslitum yrði breytt vegna þess eins að hann tók þátt í umræddum leik í góðri trú að hann hefði til þess heimild.

Hvað sem framangreindu liður er þess krafist að í ljósi atvika allra verði félaginu ekki gert að greiða sektir vegna þessa máls.

Virðingarfyllst,  
f.h. Knattspyrnufélags ÍA

  
Örn Gunnarsson hdl.

## Úrskurður aga-og úrskurðarnefndar KSÍ

### Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2015, fimmtudaginn 6. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Gunnari Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 3/2015:  
Knattspyrnudeild Víkings, kt. 420787-1469  
gegn  
Knattspyrnufélaginu Í.A., kt. 500487-1279

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR:

### I.

#### **Kærandi:**

Knattspyrnudeild Víkings,  
kt. 420787-1469  
Traðalandi 1, 108 Reykjavík  
Fyrirsvarsmaður: Friðrik Magnússon

#### **Kærði:**

Knattspyrnufélagið Í.A.,  
kt. 500487-1279  
Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum, 300 Akranesi  
Fyrirsvarsmaður: Magnús Guðmundsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 23. júlí sl. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð með bréfi dags. sama dag. Greinargerð barst frá kærða þann 29. júlí sl.

#### **Kröfur:**

Kröfur kæranda eru að Víkingi verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna er fram fór þann 21. júlí 2015 í Íslandsmóti 3. flokks karla, B. deild.

### II.

#### **Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik liðanna er fram fór þann 21. júlí 2015 í Íslandsmóti 3. flokks karla, B. deild, hafi ÍA notað ólöglegan leikmann. Nánar tiltekið hafi leikmaður ÍA, Almar Geir Alferðsson, átt að vera í leikbanni í umræddum leik með vísan til úrskurðar aganefndar frá 14. júlí 2015.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og til gr. 12.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

### III.

Hinu kærða félagi var gefinn kostur á að skila greinargerð og barst svar frá félaginu þann 29. júlí sl.

Af hálfu kærða er þess aðallega krafist að málinu verði vísað frá á þeim grundvelli að kæru Víkings hafi verið beint til Knattspyrnusambands Íslands en ekki til aga- og úrskurðarnefndar og því sé nefndinni óheimilt að taka málið til efnismeðferðar.

Til vara er þess krafist að úrslit leiksins standi óbreytt. Er af hálfu kærða vísað til þess að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar þar sem umræddur leikmaður var úrskurðaður í leikbann hafi verið birtur 14. júlí sl. og hafi kærði talið að hann tæki gildi þá þegar og að umræddur leikmaður hafi verið í leikbanni í næsta leik félagsins sem fram fór 15. júlí sl. Félagið hafi því verið í góðri trú um að leikmaðurinn væri búinn að taka úr leikbannið þegar leikur liðsins við kæranda fór fram þann 21. júlí sl. Byggir kærði á því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar um hvenær leikbannið tæki gildi hafi verið óskýr og þann óskýrleika beri að skýra kærða í hag.

Til þrautavara, er með vísan til allra atvika, krafist þess að leikur liðanna verði endurtekinn með vísan til gr. 12.1.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Í öllum tilfellum er farið fram á að félaginu verði ekki gerð sekt vegna málsins.

#### IV.

##### Niðurstaða:

Í máli þessu hefur Knattspyrnudeild Víkings kært Knattspyrnufélagið Í.A. fyrir að nota ólöglegan leikmann í Íslandsmótinu í 3. flokki karla. Felst í því að kærandi telur Knattspyrnufélagið Í.A. hafa verið með ólöglega skipað lið í tilteknum leik, sbr. gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Af hálfu kærða hefur verið farið fram á frávísun málsins með vísan til þess að kærinni í málinu hafi verið beint til Knattspyrnusambands Íslands en ekki til aga- og úrskurðarnefndar og því sé aga- og úrskurðarnefnd óheimilt að taka kærana til efnismeðferðar. Vísar kærði þessu til stuðnings til gr. 7.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Samkvæmt gr. 3.4. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál skal aga- og úrskurðarnefnd hafa aðsetur á skrifstofu KSÍ. Þá segir í gr. 7.3. í sömu reglugerð að kærsmål teljist höfðað þegar kæra berst skrifstofu KSÍ. Þótt að í kæru Víkings hafi aga- og úrskurðarnefnd ekki verið sérstaklega tilgreind sem móttakandi kærunnar þá var henni beint á rétt heimilisfang og skv. gr. 7.3. var kærsmål höfðað þegar hún barst á skrifstofu KSÍ. Þá var augljóst af efni fyrrgreinds bréfs að um kæru væri að ræða sem ætluð var aga- og úrskurðarnefnd til meðferðar. Er af þeim sökum engin efni til að vísa kærinni frá.

Ekki er ágreiningur um að umræddur leikmaður kærða var með úrskurði aga- og úrskurðarnefndar þann 14. júlí sl. úrskurður í leikbann vegna fjögurra áminninga. Kærði hefur hins vegar gert ágreining um hvenær sá úrskurður tók gildi og vísað til þess að félagið hafi talið að hann tæki gildi þá þegar og að leikmaðurinn hefði verið í leikbanni þegar liðið lék þann 15. júlí sl.

Leikbann vegna 4 áminninga, líkt og var um að ræða í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar frá 14. júlí sl. vegna umrædds leikmanns, fellur undir úrskurði vegna agamála, sbr. gr. 13.1.1. a) í reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Slíkir úrskurðir taka gildi kl. 12 á hádegi næsta föstudag frá birtingu þeirra, sbr. gr. 9.2 í sömu reglugerð. Samkvæmt skýrum fyrirmælum reglugerðarinnar tók úrskurðurinn frá 14. júlí varðandi leikbann leikmanns kærða því gildi á hádegi á föstudeginum 17. júlí sl. Er því ekki fallist á með kærða að óskýrleiki hafi verið fyrir hendi um gildistöku leikbanns leikmanns kærða.

Ljóst er af fyrirliggjandi gögnum að tilgreindur leikmaður kærða lék með liðinu í leik liðsins við kæranda er fram fór þann 21. júlí 2015 í Íslandsmóti 3. flokks karla, B. deild, þrátt fyrir að

hafa verið í leikbanni. Er það brot á grein 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og telst lið ÍA í umræddum leik því hafa verið ólöglega skipað.

Ber skv. þessu að taka kröfur kæranda til greina og skulu úrslit í leik Víkings gegn ÍA í Íslandsmóti 3. flokks karla, B-deild, sem fram fór þann 21. júlí 2015 breytt og hann dæmdur tapður fyrir ÍA með markatölunni 0-3.

Skylt er samkvæmt gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 25.000,- í sekt til KSÍ.

## V.

### Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

## VI.

### Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik Víkings gegn ÍA í Íslandsmóti 3. flokks karla, B-deild, sem fram fór þann 21. júlí 2015 á Víkingsvelli er breytt og skal leikurinn dæmdur tapður fyrir ÍA með markatölunni 3-0.

Kærða, Knattspyrnufélaginu ÍA, ber að greiða kr. 25.000 í sekt til KSÍ.

---

Próstur Ríkharðsson

---

Gunnar Guðmundsson

---

Helgi R. Magnússon